



Ársskýrsla

2012

Inngangur	3
Saga, hlutverk og markmið	3
Hlutverk Samvinnu	3
Stjórn og stjórnarfundir	4
Þjónustusamningur	5
Starfsfólk	6
Samstarfsaðilar og kennarar	6
Þátttakendur	8
Tilvísanir	8
Kynjaskipting þátttakenda	11
Aldur þátttakenda	12
Endurhæfingin	13
Námslína og Undirbúningslína	13
Atvinnulína	14
Sérniðin endurhæfing	15
Yfirlit yfir sérniðna meðferð sem skipulögð var af Samvinnu	17
Heilsu- og lífstílhópur Samvinnu (HLH)	17
Sumarstarfið	18
Tyllidagar	19
Útskrift	19
Kynningarstarf og fundir	20
Samstarf, þátttaka í ráðstefnum og símenntun	20
Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga	21
Árangur	25
Lokaorð	28

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Samvinnu starfsendurhæfingar á Suðurnesjum árið 2012. Farið verður yfir hvaða þátttakendur voru í endurhæfingu, hvað endurhæfingin innihélt og hver árangur af henni var. Einnig er gerð grein fyrir hverjir störfuðu fyrir Samvinnu, þjónustusamningum, samstarfi við aðra og mati á árangri.

Saga, hlutverk og markmið

Samvinna, starfsendurhæfing á Suðurnesjum er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var þann 15. maí 2008. Frá því að starfsemi Samvinnu hófst haustið 2008 hafa verið teknir inn níu hópar með samtals tvöhundruð þrjátíu og sex þátttakendum. Samvinna er með samning um fimmtíu atvinnutengd endurhæfingarpláss við Velferðarráðuneytið. Einnig hefur Virk, starfsendurhæfingarsjóður greitt fyrir rúmlega 20 pláss þetta ár. Endurhæfing hvers þátttakanda stendur að hámarki yfir í eitt og hálft ár. Hundrað og einn þátttakandi hefur lokið þriggja anna endurhæfingu hjá Samvinnu frá upphafi. Starfsemi Samvinnu fer fram að Krossmóa 4, 3 hæð.

Hlutverk Samvinnu

Hlutverk Samvinnu er að veita starfsendurhæfingu einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Þátttakendur eru einstaklingar sem eru á endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun, sjúkradagpeningum, atvinnuleysisbótum, framfærslu sveitarfélaga eða örorkulífeyrir.

Markmið

- Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða í áframhaldandi nám.
- Að stuðla að auknum lífsgæðum þátttakenda.
- Að stuðla að auknum lífsgæðum fjölskyldu þátttakandans.
- Að endurhæfing fari að sem mestu leyti fram í heimabyggð.

Samvinna býður upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er á í samvinnu við félags- og heilbrigðisyfirvöld og mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar. Endurhæfingin er einstaklingsbundinn og tekur mið af þörfum einstaklingsins. Skipta má endurhæfingunni niður í fjögur svið þ.e. félagslegt, læknisfræðilegt, sálfræðilegt og námstengda endurhæfingu sem unnin hefur verið í samstarfi við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum. Endurhæfingin inniheldur t.d.;

bóklegt nám, fjármálaráðgjöf, sálfræðiviðtöl, hópefli, sjálfsstyrkingu og líkamspjálfun og ýmsa aðra sérsniðna meðferð eða ráðgjöf. Þátttakendur fara auk þessa í starfspjálfarnir í fyrirtæki á Suðurnesjum.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Samvinnu er kosin á ársfundi til tveggja ára og er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Á ársfundi í ágúst 2012 var kosið í stjórn Samvinnu fyrir árin 2012 – 2014 tillaga stjórnar Samvinnu var eftirfarandi og var samþykkt einróma.

- Aðalmaður: Guðbrandur Einarsson – Verslunarmannafélag Suðurnesja
 - Varamaður: Kristján Gunnarsson – Verkal. og sjómannafélag Keflav. og nágr.
- Aðalmaður: Hjördís Árnadóttir – Reykjanesbær
 - Varamaður: Nökkvi Már Jónsson – Grindavíkurbær
- Aðalmaður: Ólafur S. Magnússon – Félag iðn- og tæknigreina
 - Varamaður: Fulltrúi sveitarfélaga tilnefndur af Sandgerði, Garði og Vogum
- Aðalmaður: Guðjónína Sæmundsdóttir – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 - Varamaður: Kristján Ásmundsson – Fjölbrautaskóli Suðurnesja
- Aðalmaður: Linda Ásgrímsdóttir – Vinnumálastofnun
 - Varamaður: Sigríður Snæbjörnsdóttir – Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Helstu breytingar voru þær að Sigríður Snæbjörnsdóttir frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem tók sæti sem aðalmaður í stjórn árið 2011 gaf ekki kost á sér áfram en tók sæti sem varamaður. Sigfús Eysteinnsson frá Festa lífeyrissjóður sem hafði setið í stjórn Samvinnu frá upphafi gaf ekki kost á sér áfram og óskaði Festa ekki eftir áframhaldandi sæti í stjórninni. Ólafur Jón Arnbjörnsson hefur látið að störfum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og víkur því úr varastjórn í hans stað kom Kristján Ásmundsson núverandi skólameistari. Nýir aðalmenn í stjórn eru; Ólafur S. Magnússon frá Félag iðn- og tæknigreina og Linda Ásgrímsdóttir frá Vinnumálastofnun. Varamaður Ólafs var tilnefndur af sveitarfélögunum Sandgerði, Garði og Vogum eftir fundinn, Kristín Þyri Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri. Stjórnin skipti með sér verkum og sitjandi stjórnarformaður Guðjónína Sæmundsdóttir og varaformaður Hjördís Árnadóttir halda embættum sínum. Á fyrsta fundinum var ákveðið að tilnefna ekki ritara heldur mun starfsmaður Samvinnu sjá um ritun fundargerðar.

Fyrir fundinum lá að kjósa endurskoðanda fyrir Samvinnu í samræmi við skipulagsskrá. Fram kom tillaga frá stjórn Samvinnu um að endurskoðunarskrifstofa Gunnars Hjaltalíns sæi um endurskoðun og ársreikningagerð vegna ársins 2012. Var tillaga stjórnar samþykkt einróma.

Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á starfsárinu, helstu mál á dagskrá voru fjármál Samvinnu og samningar við Velferðaráðuneytið og Virk. Einnig fóru fram umræður um starfsemi Samvinnu og þróun á nýjum endurhæfingarlínum ásamt öðrum málum.

Þjónustusamningur

Þjónustusamningur var undirritaður í september 2008 á milli Samvinnu annars vegar og félags- og tryggingarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis hins vegar. Velferðarráðuneytið sér um framkvæmd samnings þessa fyrir hönd ráðuneytanna. Samningurinn sem gildi til 31. desember 2009 hljóðaði upp á tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á árinu 2008 og fimmtíu á árinu 2009. Þessi samningur hefur verið framlengdur óbreyttur í tvo – sex mánuði frá 1. janúar 2010. Samningurinn var fullnýttur allt árið 2012 auk þess voru að jafnaði á milli 20 – 25 einstaklingar í þjónustu á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Að meðaltali voru því um 70 – 75 manns í endurhæfingu á mánuði árið 2012.

Í júní 2012 voru lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða samþykkt á Alþingi, þar sem skipulagi á atvinnutengdri endurhæfingu var komið í ákveðinn farveg. Þar á meðal er gert ráð fyrir að starfsendurhæfingarsjóðir standi straum af kostnaði vegna atvinnutengdra starfsendurhæfingarúrreða og beri jafnframt ábyrgð á þeim. Lögin tóku gildi 1. október 2012. Fyrirkomulagið felur m.a. í sér flutning ábyrgðar á atvinnutengdri starfsendurhæfingu frá hinu opinbera til starfsendurhæfingarsjóða. Einungis einn starfsendurhæfingarsjóður er starfandi, þ.e. VIRK starfsendurhæfingarsjóður. Ljóst er nú að ríkið mun ekki gera óbreyttan þjónustusamning við Samvinnu. Aðlögunar er þörf til að tilflutningurinn gangi lipurlega fyrir sig og er ráðuneytið í samvinnu við VIRK starfsendurhæfingarsjóð að vinna að samningsdrögum fyrir þá einstaklinga sem þegar eru í þjónustu hjá stöðinni eða þegar hefur verið gerður samningur við um að hlutaðeigandi hefji atvinnutengda starfsendurhæfingu í janúar 2013.

Með lögunum eru skilyrðin fyrir þjónustu hjá Samvinnu þrengd til muna og það svigrúm sem verið hefur til að þjónusta einstaklinga sem eiga við verulega þung vandamál að stríða og standa

langt frá vinnumarkaði minnkar. 70-75% af tekjum Samvinnu hafa komið frá ríkinu s.l tvö ár en um 25 – 30% frá Virk starfsendurhæfingarsjóði. Algjör óvissa ríkir um það hve stór hluti einstaklinga sem áður hefðu fengið þjónustu hjá Samvinnu mun vera vísað þangað af VIRK. Von stendur til að þessi mál skýrist eitthvað á fyrstu mánuðum ársins 2013 en ljóst er að lagasetning þessi mun hafa ákveðnar breytingar í för með sér.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Samvinnu voru þetta starfsár:

- Gerður Pétursdóttir, framkvæmdarstjóri, 100% starfshlutfall.
- R. Helga Guðbrandsdóttir, þroskaþjálfari, 90% starfshlutfall.
- Birna Guðmundsdóttir, ráðgjafi, 100% starfshlutfall, lét af störfum 1. febrúar 2012.
- María Rós Skúladóttir félagsráðgjafi, 90% starfshlutfall, hóf störf 1. mars 2012.
- Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, félagsráðgjafi, 75% starfshlutfall, hóf störf 1. janúar 2012.

Samstarfsaðilar og kennarar

Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum er helsti samstarfsaðili Samvinnu en þar fer allt bóklegt nám fram. Frá upphafi hefur verkefnastjórn varðandi bóklega námið verið í þeirra höndum en unnin í nánú samstarfi við framkvæmdarstjóra Samvinnu. Haustið 2012 fluttist öll verkefnastjórn til Samvinnu en mikið samstarf er eftir sem áður við MSS. Starfsfólk Samvinnu tók að sér kennslu í auknu mæli og nokkrir nýir kennarar tóku til starfa. Unnar Sigurðsson varð einn aðalkennari Samvinnu en hann kenndi flest bókleg fög þetta starfsárið. Særún Rósa kom ný inn og samstarf við Ásdísi grasalækni var aukið.

Eftirtaldir kennarar komu að kennslu og fræðslu hjá Samvinnu árið 2012

- Agnes Björg Tryggvadóttir, sjálfstyrking
- Anna Karen Friðriksdóttir, enska
- Anna Lóa Ólafsdóttir, lífsleikni, áhugasviðsgreiningar, náms- og starfsráðgjöf
- Ásdís Ragna Einarsdóttir, grasalæknir, næring og heilsa
- Elín Sigríður Arnórsdóttir, íslenska
- Elísabet Pétursdóttir, námstækni og starfsfræðsla.

- Gerður Pétursdóttir, sjálfstyrking, hópefli og tjáning
- Harpa Magnúsdóttir, skapandi starf.
- Jónína Magnúsdóttir, námstækni og starfsfræðsla
- Katrín Ósk Garðarsdóttir, fjármálanámskeið
- María Rós Skúladóttir, fræðsla og hreyfing
- R. Helga Guðbrandsdóttir, skapandi starf
- Rannveig Ragnarsdóttir, heilsutengd fræðsla
- Særún Rósa Ástþórsdóttir, íslenska og danska
- Unnar Sigurðsson, stærðfræði og félagsfræði, íslenska, upplýsinga- og tölvutækni og saga.

Starfsfólk Samvinnu skipulagði hreyfingu fyrir þátttakendur og Sjúkraþjálfunarstöðin Átak lagði til húsnæði sitt á Nesvöllum og sjúkraþjálfarann Völu May Mason á vorönn 2012. Á haustönninni voru gerðar breytingar og samið var við ýmsa aðila varðandi hreyfinguna. Boðið var upp á Metabolic einu sinni í viku undir leiðsögn Guðrúnar Hildar Jóhannsdóttur. Líkt og fyrri ár kenndi Guðrún Gunnarsdóttir, jógakennari þátttakendum jóga í Yogahúsinu. Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir bauð upp á stafagöngu. María Rós Skúladóttir var verkefnastjóri hreyfingar á haustönn 2012.

Þrír sálfræðingar störfuðu fyrir Samvinnu þetta árið; Sjöfn Ágústsdóttir frá Miðstöð Sálfræðinga, Hulda Sævarsdóttir frá Björginni og Steinunn Anna Sigurjónsdóttir sálfræðingur á HSS. Hulda kenndi einnig eitt námskeið í Hugræn atferlismeðferð. Jóhanna Magnúsdóttir frá Lausninni var bæði með námskeið og staka fyrirlestra um meðvirkni og fleira því tengt. Guðrún Daníelsdóttir leiðbeindi þátttakendum í tjáningu og framkomu. Fjölmarginir aðrir komu með staka fyrirlestra og námskeið fyrir þátttakendur og er það gæfa Samvinnu hve margir hæfir einstaklingar koma að starfinu.


Meðal annarra samstarfsaðila má nefna fjölskyldu- og félagsþjónustu sveitarfélaga á Suðurnesjum, Virkjun mannauðs á Reykjanesi, Björgina Geðræktarmiðstöð, lækna og annað starfsfólk heilbrigðisstofnunar Suðurnesja ásamt fjölda fyrirtækja á Suðurnesjum sem taka á móti þátttakendum í starfsþjálfarnir.

Þátttakendur

Hjá Samvinnu eru að jafnaði um 70 - 75 þátttakendur í endurhæfingu samtímis í þremur hópum. Einnig eru alltaf einhverjir einstaklingar í sérsniðinni endurhæfingu utan hópa. Í þessum kafla er skýrt frá því hvaðan tilvísanir bárust og hvert kyn og aldur þátttakenda var.


Tilvísanir

Í febrúar 2012 hóf áttundi hópur þátttakenda endurhæfingu hjá Samvinnu. Alls bárust þrjátíu og átta tilvísanir. Mynd 1. sýnir hvaðan tilvísanir bárust og svipar henni mjög til síðasta inntökuferlis.



Mynd 1


Af þessum 38 tilvísunum hlutu 25 manns inntöku og var þeim vísað frá eftirfarandi aðilum:



Mynd 2


VIRK, Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar og Björgin eru stærstu tilvísunaraðilarnir en HSS kemur fast á hæla þeirra.

Haustið 2012 hóf níundi hópur þátttakenda endurhæfingu hjá Samvinnu og bárust 50 tilvísanir frá eftirtöldum aðilum:



Mynd 3

Nýir tilvísunaraðilar bættust í hópinn þetta haust frá nýstofnuðu Atvinnutorgi og Starf ehf. Líkt og áður komu flestar tilvísanir frá FFR og VIRK en færri frá HSS og Björginni en um vorið. Af þessum 50 tilvísunum hlutu 30 manns inntöku og var þeim vísað frá eftirfarandi aðilum:



Mynd 4

Það var því óvenjustór hópur sem hóf endurhæfingu á Undirbúningslínu haustið 2012 eða 29 manns, einn fór í sérsniðna endurhæfingu.


Aðsókn í endurhæfingu hjá Samvinnu er jöfn og stöðug, yfirleitt berast um 40 tilvísanir í upphafi árs og um 50 tilvísanir að hausti. Með tilkomu VIRK hefur plássum fjölgað svo hægt hefur verið að veita flestum inntöku sem reiðubúnir eru að hefja starfsendurhæfingu.

Kynjaskipting þátttakenda

Konur hafa alltaf verið meirihluti þátttakenda hjá Samvinnu og hlutfallið yfirleitt verið 75% konur og 25% karlar. Körlunum hefur þó fjölgað smá saman og í hópi 9 eru hlutföllin orðin 43% karlar og 57% konur.




Mynd 5: Skipting þátttakenda eftir kyni, hópur 8 - vor 2012




Mynd 6: Skipting þátttakenda eftir kyni, hópur 9, haust 2012

Aldur þátttakenda

Þátttakendur voru á aldrinum 18 – 63 ára í hópi 8 og 9 meðalaldur þátttakenda er á sama bili og í fyrri hópum eða 30 – 33 ár. Aldursdreifing er mikil og aldurshópurinn 18 – 25 ára áberandi stór eða 37% þátttakenda í hópi 8 og 44% í hópi 9.



Mynd 7: Aldursdreifing þátttakenda í hópi 8, vor 2012



Mynd 8: Aldursdreifing þátttakenda í hópi 9, haust 2012

Endurhæfingin

Endurhæfingin hjá Samvinnu skiptist í fjóra þætti, félagslegan, sálrænan, læknisfræðilegan og námslegan þátt. Gengið er út frá því að endurhæfingin sé einstaklingsmiðuð en fari fram í hópi. Hver einstaklingur hefur ráðgjafa sem heldur utan um hans mál og gera þeir endurhæfingaráætlun í sameiningu. Einstaklingur getur verið að hámarki þrjár annir og eina sumarönn hjá Samvinnu nema í mjög sérstökum tilfellum. Færst hefur í vöxt að einstaklingar ljúki endurhæfingu fyrr eða eftir eina til tvær annir. Endurhæfingarleiðir hjá Samvinnu hafa verið í stöðugri mótn og innihaldið breyst eftir aðstæðum. Dregið hefur verið úr bóklegu námi og meiri áhersla verið lögð á starfsþjálfarnir á vinnustöðum

Námslína og Undirbúningslína

Að venju var keyrð Undirbúningslína fyrir nýja þátttakendur, innihald var mjög svipað og síðustu ár enda hefur þessi lína virkað mjög vel. Í stað þess að keyra tvo hópa í námsfögum þ.e. einn á annarri önn og einn á þriðju önn var boðið upp á Námslínu og Atvinnulínu. Þátttakendur völdu sér línur í samráði við ráðgjafa sína. Á myndunum hér fyrir neðan er yfirlit yfir innihald Undirbúnings- og Námslínu hjá Samvinnu vorið 2012.

Undirbúningslína		Námslína	
Fag	Stundir	Fag	Stundir
Íslenska	20	Íslenska	60
Enska	20	Enska	60
Fjármálanámskeið 5x	10	Tölvu- og upplýsingatækni	60
Verkefnatímar 3x	6	Lífsleikni/sjálfstyrking	60
Skapandi starf	30	Hópfundur	4
Jóga 5x	5	Fjöldi tíma á önn	244
Sjálfsstyrking	20		
Hreyfing, tæki	10		
Fræðsla/hópfundir	10		
Fjöldi tíma á önn	131		

Tafla 1: Innihald Undirbúnings- og Námslínu vor 2012

Atvinnulína

Frá haustinu 2009 hafa starfskynningar á vinnustöðum verið í þróun hjá Samvinnu. Í lok árs 2011 var ákveðið að sækja um styrk til VIRK til að þróa sérstaka Atvinnulínu. Styrkurinn fékkst og Atvinnulína fór í gang með 15 þátttakendum í janúar 2012, sjá töflu 2.

Atvinnulína	
Fag	Stundir
Draumar og drekar - markmiðssetning	10
Tjáning og samskipti	9
Hópefli	10
Sjálfstyrking	20
Starfsfræðsla	9
Fænimappa - ferliskrá - dagbækur	6
Fyrirlestrar úr atvinnulífinu	4
Vinnusiðfræði	2
Réttindi og skyldur	2
Markmiðsetning - framkvæmdaráætlun	3
Kynning á starfsvettvangi og undirbúningur	3
Viðtöl hjá náms-og starfsráðgjafa	3
Internetið og atvinnuleit	4
Vinnsla á kynningum þátttakenda	4
Kynningar þátttakenda frá vettvangi	4
Hópfundur	13
Lokafyrirlestur - útskrift	3
Fjöldi tíma á önn	109

Fyrirkomulag	Í húsi	Starfsþjálfun
4 vikur: 4x í viku í Samvinnu 4 stundir í senn	64	
2 vikur: 3x í viku í Samvinnu 3 stundir í senn, starfskynningar 1 x í viku	18	2 skipti
5 vikur: Starfskynningar 3x í viku og 1x viku í Samvinnu, 3 stundir í senn	15	15 skipti
1 vika: Lokavika, 4x í viku í Samvinnu 3 stundir í senn	12	
Fjöldi tíma á önn	109	

Tafla 2: Innihald Atvinnulínu vor 2012

Kennsla fór fram í sameiginlegu húsnæði MSS og Samvinnu að Krossmóa 4, 3. hæð. Í upphafi voru þátttakendur einungis í kennslu/fræðslu en síðan tók starfsþjálfun á vinnustöðum við.

Hópurinn hittist í Krossmóanum einu sinni í viku á meðan starfsþjálfun fór fram. Viðveran í starfsþjálfunum var sniðin að hverjum einstaklingin en algengt var að þátttakendur væru 9 – 12 klukkustundir á viku á vinnustað. Í júní 2012 kom út áfangaskýrsla um verkefnið sem hægt er að nálgast á www.starfs.is, þar er einnig hægt að nálgast lokaskýrslu verkefnisins.

Sérsniðin endurhæfing

Þátttakendum hjá Samvinnu fer fjölgaði og samhliða því fjölgaði einstaklingum í sérsniðinni endurhæfingu. Á þessu ári var lögð meiri áhersla á að fólk fengi að spreyta sig í námi utan Samvinnu á þriðju önninni. Fjöldi einstaklinga stundaði nám utan Samvinnu, sumir stunduðu fullt nám, aðrir hlutanám eða einstök námskeið. Samvinna greiddi skólagjöld og bókakostnað fyrir þessa þátttakendur ýmist að hluta til eða að fullu leyti. Á töflu 3 og 4 er yfirlit yfir aðrar námsleiðir. Einnig var starfsþjálfun þungamiðjan í endurhæfingu nokkurra einstaklinga þótt þeir væru ekki á Atvinnulínu og kemur fjöldi þeirra líka fram í þessum töflum.

Vor 2012

Menntastofnun	Fjöldi
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	6
Starfsþjálfun á vinnustað	1
Menntaskólinn í Kópavogi	1
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	1
MSS – DK tölvubókhalld	2
MSS – Hljóðsmiðja	1
MSS – Kvikmyndasmiðja	1
MSS – Aftur í nám	1
MSS - Menntastoðir	1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti – sumarskóli	2
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti – eitt fag	1
Samtals	18

Tafla 3: Yfirlit yfir sérsniðna endurhæfingu vor 2012

Námið sem einstaklingarnir stunduðu var mjög fjölbreytt t.d. sjúkraliðanám, almennar bóknámsbrautir og skrifstofunám svo eitthvað sé nefnt.

Haust 2012

Menntastofnun	Fjöldi
MSS - Grunnmenntaskólinn	7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	5
Starfsþjálfun á vinnustað	4
MSS - Menntastoðir	3
Háskólinn á Akureyri	1
MSS - Skrifstofuskólinn	1
MSS - Félagsliðabré	1
MSS – Aftur í nám	1
Menntaskólinn í Kópavogi	1

Samtals **24**

Tafla 4: Yfirlit yfir sérsniðna endurhæfingu haust 2012

Á haustönn 2012 voru margir einstaklingar sem völdu Námslínu hjá Samvinnu og engin Atvinnulína var í boði sökum skorts á þátttakendum sem vildu fara þá leið. Það var gripið til þess ráðs að senda sjö einstaklinga af Námslínu í Grunnmenntaskólann hjá MSS sú tilhögun kom bara nokkuð vel út.

Auk þess að fylgja dagskrá endurhæfingarlínanna fá þátttakendur reglulega viðtöl hjá ráðgjafa sínum. Þeir sækja einnig sérsniðna meðferð t.d. sálfræðiviðtöl, sjúkráþjálfun, fjölskylduráðgjöf, fundi hjá AA samtökunum o.s.frv. Í næsta kafla verður gerð grein fyrir umfangi þessarar þjónustu.



Hópefli

Yfirlit yfir sérsniðna meðferð sem skipulögð var af Samvinnu

Umfang sérsniðinnar meðferðar var svipað og á síðasta ári nema enn jókst aðsókn í sálfræðiviðtöl og einkaráðgjöf hjá fjármálaráðgjafa. Sérsniðin meðferð styður við aðra þætti endurhæfingarinnar og eykur líkurnar á að einstaklingarnir nái markmiðum sínum.

Fjöldi þátttakenda	Meðferð	Fjöldi tíma
33	Sálfræðiviðtöl vor 2012	101
22	Sálfræðiviðtöl haust 2012	63
5	ADHD greining	
18	Hugræn atferlismeðferð, námskeið	
4	Sjúkraþjálfun - (aðeins styrkt í undantekningartilfellum)	18
34	Fjármálaráðgjöf - einkatímar	55
1	Þraut, þverfaglegt mat og greining	
2	Hættu að reykja - námskeið	
6	Þraut - vefjagigtarnámskeið	
1	Einkatímar stærðfræði	6

Tafla 5 Yfirlit yfir sérsniðna meðferð árið 2012

Heilsu- og lífstílshópur Samvinnu (HLH)

Vorið 2012 var ákveðið að fara af stað með átta vikna námskeið þar sem þátttakendur voru studdir til að temja sér heilbrigða lífshætti. Námskeiðið var í boði þvert á endurhæfingarlínur einnig sendi VIRK einstaklinga inn í hópinn. Um 10 – 15 þátttakendur tóku þátt í hvert skipti.

Boðið var upp á:

- Fræðslufundi einu sinni í viku með fjölbreyttri fræðslu um næringu, hreyfingu og andlega- og líkamlega heilsu.
- Vikulega hreyfingu með leiðbeinanda ýmist í tækjasal eða göngur.
- Fræðslupakka sem innihélt upplýsingar um mataræði og hreyfingu og matardagbækur.
- Vigtun, mælingu og persónuleg ráðgjöf varðandi þyngdartap.

Ýmsir sérfræðingar voru fengnir til samstarfs t.d; Sveinbjörg S. Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir B.S.c., Esther Helga Guðmundsdóttir, M.S.c., framkvæmdarstjóra og fíkniráðgjafa og Jóhanna Magnúsdóttir guðfræðing og ráðgjafa hjá Lausninni. María Rós Skúladóttir ráðgjafi Samvinnu sá um verkefnastjórn og allt starfsfólk

Samvinnu kom að kennslu og ráðgjöf í hópnum. Um haustið var aftur boðið upp á HLH hóp og í bígerð er að skipuleggja heilstæða endurhæfingarlínu í þessum anda.

Sumarstarfið

Mikið var lagt í sumarstarfið að þessu sinni og boðið var upp á dagskrá allan maí og fram í miðjan júní. Í ár innihélt sumardagskráin meðal annars:

- Skapandi starf í Björginni.
- HAM – námskeið í samstarfi við Björgina, kennari var Hulda Sævarsdóttir sálfræðingur.
- Námskeið í tjáningu og sjálfsöryggi undir handleiðslu Guðrúnar Daníelsdóttur.
- Námskeiðið Hamingjuforskotið undir leiðsögn Jóhönnu Magnúsdóttur frá Lausninni.
- Göngur innanbæjar og sund með ráðgjöfum Samvinnu.
- Fyrirlestur - Göngum okkur til gamans, Rannveig Garðarsdóttir leiðsögumaður
- Gengið í kringum Þorbjörn með Rannveigu Garðars og ráðgjöfum Samvinnu
- Verkefnavinna með Geðorðin 10 og Geðræktarkassinn.
- Ganga og heimsókn í Víkingasafnið.
- Heimsókn í Virkjun, vöflukaffi.
- Fyrirlestur um Markmið og markmiðasetningu Anna Lóa, Virkniplan fyrir sumarið
- Fyrirlesturinn Aukið sjálfstraust með Sigurði Þ. Þorsteinssyni sálfræðingi
- Lokahóf

Skrifstofan var lokuð í fjórar vikur og þátttakendur fengu átta vikna sumarfrí en mættu í viðtöl og unnu sjálfstætt að sínum markmiðum.



Gengið í kringum Þorbjörn í maí 2012

Tyllidagar

Tyllidagar eru einu sinni á ári og að þessu sinni fóru þeir fram 2., 3. og 4. maí. Markmiðið með Tyllidögum er að hafa gaman saman og hrista saman hópa fyrir sumarstarfið. Allir hóparnir blandast saman á þessum dögum og samheldni eykst. Meðal þess sem boðið var upp á var:

- Morgunverður með Helgu Brögu.
- Matreiðsla ódýrt og gott, með ráðgjöfum Samvinnu.
- Ljósmyndanámskeið með Oddgeiri og Ellerti.
- Snyrtinámskeið með Maríu Rós.
- Tréútskurður í Virkjun hjá Jóni Arasyni
- Skemmtiferð þar sem farið var í hópeflisleiki og grillað í Virkjun.



Lit og plockk :)

Útskrift

Tveir hópar útskrifuðust á árinu eftir þriggja anna endurhæfingu, um vorið taldi hópurinn 13 manns en í desember 23. Athafnirnar voru með hefðbundnu sniði nema í desember var ákveðið að veita ekki sérstakar viðurkenningar fyrir námsárangur og framfarir. Endurhæfingin hefur þróast á þá leið að sífellt fleiri ljúka endurhæfingu sinni í sérsniðinni endurhæfingu og fleiri stunda nú nám utan Samvinnu en áður. Allur samanburður er því erfiður og því var ákveðið að verðlauna allan hópinn og kaupa tónlistaratriði á útskriftarathöfnina. Flaututríóið Jólaseríurnar spiluðu jólalög við góðar undirtektir.



Viðurkenningar á útskrift maí 2013

Kynningarstarf og fundir

Starfsfólk Samvinnu leggur áherslu að kynna endurhæfinguna fyrir sem flestum á Suðurnesjum. Á þessu starfsári birtist heilsíðu opna í Víkurfréttum í kjölfarið á málþingi með atvinnurekendum. Þar var fjallað almennt um Samvinnu og sérstaklega um Atvinnulínuna, viðtöl voru tekin bæði við starfsfólk og þátttakendur. Að venju komu ýmsir góðir gestir og var starfið kynnt fyrir bæði innlendum og erlendum aðilum.

Samstarf, þátttaka í ráðstefnum og símenntun


Að venju átti starfsfólk Samvinnu samstarf við fjölda aðila á árinu til dæmis var haldinn sameiginlegur starfsdagur með starfsfólki Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar í október. Í júní fór starfsfólk Samvinnu á Flúðir í tvo daga til að endurmeta starfið og leggja drög að haustinu. María Rós Skúladóttir sótt eitt fag í sálgæslufræðum: Sálgæsla og tólf spora leiðin á haustönn 2012. Gerður Pétursdóttir fór örnámskeið um meðvirkni hjá Nýju Lausninni og allir starfsmenn fóru á námskeið hjá Jóhönnu Magnúsdóttur um meðvirkni og fleira því tengt um vorið. Haustfundur starfsendurhæfingarstöðva var haldinn í október á Akureyri og sótti R. Helga Guðbrandsdóttir þann fund. Fundað var reglulega með helstu samstarfsaðilum eins og VIRK og öðrum starfsendurhæfingarstöðvum.



Málþing með vinnuveitendum


Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga

Á hverri önn er lögð fyrir alla þátttakendur náms- og gæðakönnun sem samin er af starfsmönnum Samvinnu. Listinn er settur upp á vefforriti og svarað á vefnum. Könnunin samanstendur annars vegar af spurningum sem lúta að bakgrunnsupplýsingum um þátttakendur og hinsvegar að mati á gæðum kennslunnar og skipulagningu endurhæfingarinnar. Niðurstöður eru notaðar til að bæta innihald og gæði endurhæfingarinnar, ásamt því að fylgjast með þróun og breytingum á t.d. aldri, kynjaskiptingu og vanda þeirra þátttakanda sem vísað er til Samvinnu. Í þessum kafla eru bornar saman nokkrar áhugaverðar niðurstöður úr náms- og gæðakönnun síðustu fjögurra ára.




Mynd 1: Hvaða menntun hafðir þú áður en þú byrjaðir hjá Samvinnu?

Eins og fyrri ár hafa langflestir þátttakendur lokið grunnskólaprófi og rúmlega 30% hluta af framhaldsnámi. Enginn hefur lokið stúdentsprófi eða háskólaprófi en nokkrir iðnnámi eða hluta af slíku námi.




Mynd 2: Hver er helsta ástæðan fyrir skertri starfshæfni og/eða atvinnuleysi? (Hér mátti merkja við fleiri en einn reit)

Þeim sem nefna líkamlegan vanda fjölgar á milli ára og nú velja rúmlega 70% þann vanda. Heldur dregur úr þeim sem nefna bæði geðrænan vanda þó enn séu 40% sem velja þann möguleika. Færri nefna atvinnuástandið og félagslegar aðstæður. Ljóst er að þeir sem stunda starfsendurhæfingu hjá Samvinnu glíma við heilsubrest og er hann ástæða endurhæfingar fremur en aðrir þættir.




Mynd 3: Hvað varst þú búinn að vera lengi frá vinnu þegar að þú byrjaðir hjá Samvinnu?

Eins og fyrri ár hefur mikill meirihluti einstaklinganna verið frá vinnu í eitt ár eða meira en þó má sjá smá fækkun í þeim hópi. Þeim fjölgar sem hafa verið 8 – 12 mánuði frá vinnu og er það jákvætt þar sem að árangur starfsendurhæfingar ræðst af miklu leyti af því hve lengi einstaklingarnir hafa verið frá vinnu. Aðeins örlítið brot af þátttakendum koma eftir 0 – 3 mánuði í starfi og fækkar þeim ár frá ári.




Mynd 4: Hvert stefnir þú að lokinni endurhæfingu?

Líkt og fyrri ár stefna langflestir þátttakendur í frekara nám að endurhæfingunni lokinni.



Mynd 5: Hvaðan komu tekjur þínar áður en að endurhæfingin hófst?


Þeim sem þáðu framfærslustyrk sveitarfélaga áður en að endurhæfingin hófst fækkar á milli ára en fleiri voru nú á atvinnuleysisbótum áður en að endurhæfing hófst en árið 2011. Færri eru komnir á endurhæfingarlífeyrir áður en þeir hefja endurhæfingu. Þeim sem koma úr launuðu starfi fækkar einnig.



Mynd 6: Hvaðan koma tekjur þínar núna?

Þeim sem þiggja atvinnuleysisbætur á meðan að á endurhæfingu stendur fækkar á milli ára en öryrkjum í endurhæfingunni fjölgar. Enn þiggja flestir þátttakendur endurhæfingarlífeyrir á meðan á endurhæfingu stendur.

Árið 2011 voru þátttakendur spurðir í fyrsta skipti í þessari könnun um upplifun þeirra af ofbeldi. Niðurstöðurnar voru sláandi og var ákveðið að halda áfram utan um þessa tölfræði ásamt því að bæta ýmskonar fræðslu inn í endurhæfinguna.




Mynd 7: Hefur þú orðið fyrir einhverju af eftirtöldu á lífsleiðinni? Hér má merkja við fleiri en einn reit

Líkt og fyrra ár sýna niðurstöður sláandi mynd mikill meirihluti hefur upplifað ofbeldi af ýmsum gerðum og í þetta sinn voru aðeins 15% sem töldu spurninguna ekki eiga við þ.e. höfðu ekki upplifað ofbeldi. Langflestir nefna einelti og andlegt ofbeldi en færri aðrar gerðir ofbeldis og fækkar þeim á milli ára. Ljóst er að rými fyrir úrvinnslu slíkra áfalla þarf að tryggja í endurhæfingunni.


Árangur

Alls höfðu 78 einstaklingar útskrifast hjá Samvinnu eftir fullt endurhæfingartímabil 31. desember 2012 og fjallar þessi kafli um afdrif þeirra. Það eru tvö meginmarkmið með endurhæfingu hjá Samvinnu, annars vegar að fara í vinnu/nám og hinsvegar að efla lífsgæði sín og fjölskyldu sinnar. Fyrra markmiðið er hægt að mæla með því að safna tölulegum upplýsingum en seinna markmiðið er erfiðara að mæla. Þó er leitast við að gera slíkar mælingar með því að nota matslista eins og ASEBA og Heilsutengd lífsgæði í upphafi og við lok endurhæfingar. Til að mæla fyrra markmiðið sem snýr að virkni þátttakenda var haft samband við alla þátttakendur sem klárað höfðu þriggja anna endurhæfingu. Ákveðið var að skoða bæði framfærslu og virkni, á næstu tveimur myndum má sjá niðurstöðurnar úr þessari rannsókn sem framkvæmd var í janúar og febrúar 2013.



Mynd 8: Framfærsla að endurhæfingu lokinni

42% útskrifaðra þátttakenda fá örorkulífeyrir eða 32 einstaklingar, þar af voru 15 einstaklingar eða 20% á örorkulífeyrir þegar að þeir hófu endurhæfingu. 21% fá laun á vinnumarkaði og 9 % atvinnuleysisbætur. 4% eru í láns hæfu námi og fá námslán, 4% eru áfram á endurhæfingarlífeyrir og 8% með aðra framfærslu t.d.örorkustyrk, fæðingarstyrk eða fá enga framfærslu. 12% þiggja framfærslustyrk sveitarfélaga og eru flest þeirra í námi eða endurhæfingu.



Mynd 9: Hlutfallsleg skipting á virkni útskrifaðra þátttakenda

28% útskrifaðra er í launuðu starfi, auk þess eru 13% í atvinnuleit. Samtals eru 41% á vinnumarkaði eða á leið þangað. 17% eru í námi og 3% í námi sem hluta af endurhæfingu, alls 20% eru því í námi. Samtals eru 61% í atvinnuleit, atvinnu eða námi og teljast því hafa náð markmiðum endurhæfingarinnar. 4% eru í áframhaldandi endurhæfingu og 3% í sjálfbóðaliðastörfum. 32% útskrifaðra þátttakenda er ekki í skipulagðri virkni á móti 68% sem eru í skipulagðri virkni.

Frá árinu 2011 hefur það orðið algengara að þátttakendur ljúki endurhæfingu á styttri tíma en þremur önnum. Tólf manns hafa lokið endurhæfingu sinni eftir eina til tvær annir til að fara í vinnu eða nám án þess að fá formlega útskrift hjá Samvinnu og eru því ekki í tölunni hér fyrir ofan. Þrír luku endurhæfingu fyrr þar sem að þeir voru metnir til 75% örorku. Unnið er að því að þróa tölfræðina í takt við þessar breytingar.

Hægt væri að mæla marga aðra þætti til þess að skoða árangur endurhæfingarinnar en það krefst fjármagns og mannafla umfram það sem Samvinna hefur yfir að ráða. Þættir sem hægt væri að mæla væru t.d. komur á heilsugæslu, lyfjanotkun, þjónustubörf hjá félagsþjónustum. Aðra þætti er einfaldlega ekki hægt að mæla en það eru þættir sem ráðgjafar Samvinnu sjá í daglegri umgengni við þátttakendur. Félagsnet þátttakenda stækkar, vinskapur myndast og félagsleg einangrun er rofin. Ekki er búið að greina heildarniðurstöður hópsins úr ASEBA listunum og Heilsutengdum lífsgæðum en niðurstöður einstaklinganna benda til að endurhæfingin dragi úr einkennum kvíða og þunglyndis, fælni minnkar og sjálfstraust eykst. Á vorönn 2013 er áætlað að meistaranemi í félagsráðgjöf geri rannsókn hjá Samvinnu en efnistöðir eru ekki ákveðin.



Ferð í Keiluhöllina

Lokaorð

Fjórða starfsári Samvinnu er nú lokið og er það mat starfsmanna að vel gangi. Aðsókn er jöfn og árangur ásættanlegur. Það sem efst er í huga skýrsluhöfundar þessa stundina er sú mikla óvissa sem er um framhaldið. Með nýrri löggjöf verður aðeins einn inngangur í starfsendurhæfingu og hann er í gegnum VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Spurningin sem brennur á okkur hjá Samvinnu er hvort stefnur og áherslur í starfsendurhæfingarmálum á Íslandi í dag sé hópnum sem við höfum verið að vinna með í vil eða hvort einhverjir muni falla milli skips og bryggju í þessum breytingum.

Við höfum verið með þungan hóp með langa og mikla áfallasögu. Flestir hafa verið lengi frá vinnu og þurfa á langtímaendurhæfingu að halda. Virk leggur áherslu á snemmbært inngrip en staðreyndirnar tala sínu máli þ.e. að fólk er að skila sér seint inn í endurhæfingarúrræðin og því þarf endurhæfingin að taka mið af því. Stuttar atvinnutengdar línur eru ekki fullnægjandi fyrir þennan hóp heldur eru þær eðlilegt framhald eða lokahnykkur endurhæfingar eftir að búið er að vinda ofan af allskyns vanda sem stendur í vegi fyrir því að þátttakendur komist á vinnumarkaðinn og haldist þar. Gott samstarf er við bæði ráðgjafa og framkvæmdarstjóra VIRK og unnið er hörðum höndum að því að finna leiðir í breyttu landslagi. Það er von undirritaðrar að vel takist til og endurhæfing hjá Samvinnu standi öllum til boða sem á henni þurfa að halda.

Reykjanesbæ 8.3.2013

Gerður Pétursdóttir
Verkefnastjóri